

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 26. október 2016 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-71/2015:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 10. september 2015 bað X, hér eftir einnig nefnd álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna galla sem hún telur vera á bifreið, sem hún keypti af Y, hér eftir einnig nefndur seljandi. Álitsbeiðandi beinir kröfum sínum um skaðabætur að seljanda, en einnig að félagi því er söluskoðaði bifreiðina, Z, hér eftir nefnt gagnaðili og að bifreiðasölu þeirri er milligöngu hafði um viðskiptin, A.

II

Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Með bréfi, dags. 18. september 2015, gaf kæruneftndin seljanda, nefndum gagnaðila, sem og bifreiðasölunni kost á andsvörum og frest til þess til 2. október. Svar barst frá seljanda hinn 22. september, frá gagnaðila hinn 5. október, og frá bifreiðasölunni hinn 21. september. Með bréfi, dags. 14. október, var álitsbeiðanda gefinn kostur á að gera athugasemdir við andsvörin og frestur til þess til 28. október. Engin frekari gögn bárust nefndinni. Með bréfi, dags. 19. september, var aðilum tilkynnt að kæruneftndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Í álitsbeiðni og gögnum sem henni fylgdu kemur m.a. fram að í lok júní 2015 keypti álitsbeiðandi bifreiðina xx-000 af seljanda fyrir kr. 990.000. Var bifreiðin af gerðinni VW Passat, árgerð 2005, fyrst skráð í apríl 2005 og við kaupin hafði bifreiðinni verið ekið um 131.000 km. Fyrir kaupin var bifreiðin, skv. skoðunarvottorði dags. 23. júní 2015, söluskoðuð hjá nefndum gagnaðila. Segir álitsbeiðandi að skv. söluskoðuninni hafi bifreiðin verið í góðu ástandi utanað kominn væri tími til að skipta um bremsudiska. Hins vegar hafi komið í ljós strax eftir kaupin að hjólalegur voru ónýtar og var kostnaður vegna þess kr. 36.000. Hafði álitsbeiðandi samband við gagnaðila í tengslum við þetta og var henni þar tjáð að félagið keyrði aldrei bifreiðar þegar þær væru söluskoðaðar. Kom síðan í ljós að þetta var ekki rétt og fékk álitsbeiðandi því söluskoðunina endurgreidda frá gagnaðila. Í lok ágúst 2015, þegar álitsbeiðandi var að aka bifreiðinni, missti hún vélina nánast undan bifreiðinni. Við komu á verkstæði í kjölfarið var henni tjáð af starfsmanni verkstæðisins að hann hefði aldrei séð viðlíka gerast í samskonar bifreiðum. Greiddi álitsbeiðandi kr. 170.986 fyrir viðgerðina, þar sem mótorfestingar höfðu gefið sig og þar af leiðandi ýmislegt skemmst. Álitsbeiðandi telur einnig undarlegt að í þjónustubók sem fylgdi með bifreiðinni, og starfsmenn gagnaðila töldu í lagi, er allt viðhald og öll þjónusta sem gerð hafði verið á bifreiðinni frá 2009, stimpluð og undirrituð af seljanda bifreiðarinnar. Segist álitsbeiðandi engar upplýsingar hafa undir höndum um að seljandi hafi haft til þess réttindi. Þá segi í reikningi frá gagnaðila að tímareimaskipti hafi farið fram þegar bifreiðin var ekin 90.000 km. Álitsbeiðandi finni hins vegar enga staðfestingu á að þetta sé rétt. Telur álitsbeiðandi óeðlilegt að hún hafi, aðeins um 2 mánuðum eftir kaupin, þegar greitt um kr. 200.000 í viðgerðir á bifreið sem hafi staðist söluskoðun og kostað kr. 990.000. Telur álitsbeiðandi eðlilegt að annaðhvort seljandi, gagnaðili eða bifreiðasalan sem hafði milligöngu um kaupin, greiði eitthvað af þeim kostnaði.

Meðfylgjandi álitsbeiðni er afrit af reikningi vegna festingar á vél í bifreiðina, sem og afrit af smurbók bifreiðarinnar.

IV

Andsvör seljanda

Í andsvörum seljanda, sem samanstanda m.a. af tölvupóstsamskiptum seljanda við álitsbeiðanda, kemur m.a. fram að seljandi er lærður bifvélavirki, en starfi ekki sem slíkur. Hann hafi séð um viðhald á bifreiðinni sjálfur, þ.m.t. skipt um olíu á henni árlega, ásamt síum. Þá hafi hann skipt um bremsur. Skipt hafi verið um tímareim á verkstæði og segist álitsbeiðandi hafa upplýst seljanda um það. Eins hafi hann lagfært handbremsu og dempara. Þá nefnir seljandi að um notaða bifreið hafi verið að ræða og því geti alltaf eitthvað komið upp á. Bifreiðin hafi fengið skoðun í mars 2015 og verið söluskoðuð fyrir kaupin. Segist seljandi hafa átt bifreiðina í 6 ár og hugsað vel um hana. Hafnar seljandi kröfum álitsbeiðanda um að taka þátt í kostnaði vegna viðgerða.

V

Andsvör gagnaðila

Í andsvörum gagnaðila kemur m.a. fram að bifreið álitsbeiðanda hafi verið skoðuð á skoðunarstöð gagnaðila á Akureyri hinn 23. júní 2015. Einhverju eftir skoðunina hafi álitsbeiðandi haft samband og kvartað undan því að hvinur heyrðist í akstri bifreiðarinnar og að skoðunarmenn gagnaðila hefðu ekki tekið eftir umræddu við söluna. Reyndist ástæða þessa sú að skoðunarmenn gagnaðila óku bifreiðinni ekki nægjanlega hratt til að heyra hvininn, sem kom frá hjólalegum. Segir gagnaðili að úr þessu hafi nú verið bætt í verklagi félagsins. Þá hafi gagnaðili endurgreitt álitsbeiðanda skoðunargjaldið. Bendir gagnaðili á að í skoðunarvottorði bifreiðarinnar komi fram eftirfarandi: „Niðurstaða ástandsskoðunar miðast við ástand eins og það kemur skoðunarmönnum fyrir sjónir. Z ber enga fjárhagslega ábyrgð á því að upp komi síðar atriði eða bilanir sem sáust ekki í ástandsskoðuninni.“ Segir gagnaðili að meðal annars með vísan í þetta hafi aldrei staðið til að greiða álitsbeiðanda bætur fyrir hjólaleguna, þrátt fyrir að ástand hennar hafi ekki uppgötvast í skoðuninni. Þá telur gagnaðili að ef bremsudiskar teljist til eðlilegs viðhalds þá geri hjólalegur það einnig. Þá telur gagnaðili ómögulegt að segja hvort hvinur í hjólalegunum hefði haft áhrif á það hvort að kaupunum hefði orðið eða ekki.

Gagnaðili segir að varðandi mótorfestingarnar þá sé ómögulegt að segja hvernig ástandið á þeim var á skoðunardegi. Of tími líður frá því skoðunin fór fram og þar til þær gáfu sig. Þá gefi mótorfestingar sig iðulega fyrirvaralaust, líkt og greinilega gerðist í tilviki álitsbeiðanda. Eins telur gagnaðili nokkurn veginn vera hægt að fullyrða að ekki hefði verið hægt að sjá ástandið á festingunum þar sem undirvagn bifreiðarinnar var þakinn pönnum og hlífum sem skoðunarmenn gagnaðila rífi ekki af eða í sundur. Þá komi einnig fram í skoðunarvottorði fyrir bifreiðina að vélagreining var ekki framkvæmd, sem þýðir í raun að gagnaðili viti ekki hvert ástand vélar er, né sé í aðstöðu til að meta það.

Hvað varði þjónustubók bifreiðarinnar, þá segir gagnaðili að hún hafi verið útfyllt og stimpluð. Það sé ekki í verkahring gagnaðila að sannreyna menntun eða reynslu þeirra sem kvitti upp á þjónustu, heldur snúist þjónusta gagnaðila að benda viðskiptavinum sínum á hvort reglubundnu viðhaldi hafi verið sinnt eða ekki. Hvað varðar skráningu í skoðunarvottorð um skipti á tímareim, þá er það byggt á upplýsingum úr þjónustubók, eða af sérstökum miða sem límdur er á vél. Útilokað sé að þessar upplýsingar hefðu verið teknar fram, án þess að þær hefðu verið til staðar.

Að lokum kemur fram að gagnaðili telji sig vera að veita faglega þjónustu fyrir kaupendur og seljendur bifreiða. Félagið reyni eftir fremsta megni að sjá allt það sem mögulega getur verið að bifreiðum sem þeir skoða. Sumt sé hins vegar ekki hægt að sjá, annað komi í ljós síðar og eflaust geti eitthvað farið framhjá skoðunarmönnum. Gagnaðili sé

ekki aðili að bifreiðakaupum þeim sem mál þetta snúist um og getur því ekki borið fjárhagslega ábyrgð á því að einhver bilun komi í ljós löngu eftir skoðun.

Meðfylgjandi andsvörum gagnaðila er afrit af skoðunarvottorði umræddri bifreið.

VI

Andsvör bifreiðasölu

Í andsvörum bifreiðasölnunnar kemur það eitt fram að bifreiðasalan telur sig aðeins hafa verið, með vísan í lög nr. 48/2003 um neytendakaup, millilið um bifreiðaviðskiptin og ekki samábyrg seljanda vegna skyldna hans. Hafnar bifreiðasalan því að taka þátt í kostnaði vegna viðgerða á umræddri bifreið.

VII

Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur áhlitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. lög nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur áhlitsbeiðanda við bifreiðasölnuna og seljanda fellur bæði undir lög nr. 48/2003.

Ágreiningur við nefndan gagnaðila fellur hins vegar undir lög nr. 42/2000 um þjónustukaup. Í ljósi þess að hvorki gagnaðili né áhlitsbeiðandi hafa lagt fram gögn um það hvað áhlitsbeiðandi greiddi fyrir skoðun gagnaðila á bifreið sinni, né hefur áhlitsbeiðandi lagt fram reikning eða staðfestingu á kostnaði vegna umskipta á hjólalegum, þykir kærunefndinni ekki tilefni til þess að fjalla efnislega um kröfur áhlitsbeiðanda á hendur gagnaðila, þar sem þær eru ekki studdar nægum gögnum til þess að komist verði að niðurstöðu um þann þátt málsins, enda liggur m.a. fjárhæð mögulegs tjóns áhlitsbeiðanda af viðskiptunum ekki fyrir.

Eins og að framan er rakið keypti áhlitsbeiðandi bifreiðina xx-000 af seljanda fyrir kr. 990.000 í lok júlí 2015. Bifreiðin er árgerð 2005 og fyrsti skráningardagur hennar í apríl 2005. Bifreiðin var því rúmlega 10 ára á kaupdegi og hafði verið ekið um 131.000 km þegar kaupin fóru fram. Í málinu hefur ekki verið lagður fram kaupsamningur og afsal, en gera má ráð fyrir að bifreiðin hafi verið seld „í því ástandi sem hún er“ eða með viðlíka fyrirvara. Falla því kaup áhlitsbeiðanda á bifreiðinni undir 17. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup. Sala á notuðum hlutum fellur alla jafna undir það ákvæði. Í andsvörum sínum bendir bifreiðasalinn á að í kaupsamningi og afsali hafi komið fram að bifreiðasalan sé ekki samábyrg seljanda gagnvart áhlitsbeiðanda. Slíkir fyrirvarar eru alvanalegir í bifreiðaviðskiptum og í ljósi þess að fullyrðingu bifreiðasalans hefur ekki verið mótmælt, er ekki ástæða til þess að fjalla frekar um kröfur á hendur honum í málinu. Í áður nefndri 1. mgr. 17. gr. segir síðan:

„Þótt söluhlutur sé seldur „í því ástandi sem hann er“ eða með öðrum áþekktum fyrirvara telst hann gallaður þegar:

- a. ástand söluhlutar er verra en neytandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti;
- b. fyrir liggja atvik sem lýst er í b- eða c-lið 1. mgr. 16. gr.“

Í 1. mgr. 16. gr. sem vísað er til í 17. gr. segir m.a. að söluhlutur teljist vera gallaður ef ákveðin atvik eða aðstæður eru fyrir hendi. Liðir b og c hljóða svo:

- „b. seljandi hefur við kaupin vanrækt að gefa upplýsingar um atriði varðandi hlutinn eða not hans sem seljandi hlaut að þekkja til og neytandi mátti ætla að hann fengi upplýsingar um, enda megji ætla að vanrækslan hafi haft áhrif á kaupin
- c. hann [söluhluturinn] svarar ekki til þeirra upplýsinga sem seljandi hefur við markaðssetningu eða á annan hátt gefið um hlutinn, eiginleika hans eða notkun nema

seljandi sýni fram á að réttar upplýsingar hafi verið gefnar neytanda við kaupin eða að upplýsingarnar hafi ekki haft áhrif á kaupin.“

Þá segir enn fremur í 3. mgr. 16. gr. neytendakaupalaga að neytandi geti ekki borið neitt það fyrir sig sem galla sem hann vissi eða mátti vita um þegar kaupin voru gerð. Í framangreindum ákvæðum er kveðið á um upplýsingaskyldu seljanda og skoðunarskyldu kaupanda auk þess sem í a-lið 1. mgr. 17. gr. er kveðið á um það að söluhlutur sé gallaður þegar ástand hans er til verra en kaupandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti.

Gera má ráð fyrir að í kaupsamningi og afsali hafi komið fram að álitsbeiðandi staðfesti að seljandi hafi vakið athygli hennar á því að láta óháðan aðila meta ástand ökutækisins. Slík skoðun var framkvæmd fyrir kaupin. Líkt og rakið er leiddi sú skoðun ekki í ljós ástand á hjólalegum og hafði það m.a. í för með sér að nefndur gagnaðili, sem framkvæmdi skoðunina, endurgreiddi álitsbeiðanda skoðunargjaldið. Í skoðunarskýrslunni kemur fram að vél bifreiðarinnar var ekki skoðuð sérstaklega. Í andsvörum gagnaðila, sem kærunefndin telur ekki tilefni til að rengja og álitsbeiðandi hefur ekki mótmælt, kemur og fram að gagnaðili telur afar ólíklegt að lélegar móturfestingar eða upphengjur hefðu sést við venjulega skoðun á bifreiðinni.

Hvað varðar kaupverð bifreiðarinnar liggur ekki fyrir að það hafi verið hærra eða lægra en gengur og gerist með samskonar bifreiðar.

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að fátt bendi til þess að bifreiðin svaraði ekki til þeirra upplýsinga sem seljandi hafði gefið um hana, sbr. c-lið 1. mgr. 16. gr. Verður því ekki litið svo á að galli hafi verið til staðar á þeim grundvelli. Nefndin telur jafnframt vandséð seljandi hafi vanrækt að gefa upplýsingar um atriði sem verulegu máli skiptu um bifreiðina, sbr. b-lið 1. mgr. 16. gr.

Stendur þá aðeins eftir mat á því hvort ástand bifreiðarinnar hafi verið mun verra en álitsbeiðandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti, sbr. a-lið 1. mgr. 17. gr. laganna. Krafa álitsbeiðanda gagnvart seljanda snýr fyrst og fremst um viðgerð sem gerð var á bifreiðinni í ágúst 2015, þ.e. um 2 mánuðum eftir kaupin, sem álitsbeiðandi greiddi kr. 170.986. Var viðgerðin gerð í kjölfar þess sem móturfestingar gáfu sig og vél bifreiðarinnar losnaði þegar álitsbeiðandi var að aka bifreiðinni. Líkt og áður var rakið telur kærunefndin ekki tilefni til að efast um fullyrðingar þess aðila sem söluskoðaði bifreiðina, að ástand á móturfestingum á bifreiðunum af þeirri gerð sem um ræðir, sé alla jafna ekki skoðað við söluskoðanir, þar sem festingarnar séu faldar bakvið ýmsar pönnur og pakkningar. Má því ætla að ástandið á festingunum hefði alla jafna ekki sést við sölu- eða ástandsskoðun fyrir kaupin. Verður því að ætla, sé litið til þess að aðeins liðu um tveir mánuðir frá kaupunum og þar til móturfestingarnar gáfu sig, að festingarnar hafi verið orðnar mjög lélegar á kaupdegi. Þá telur kærunefndin að álitsbeiðandi hefði ekki mátt búast við því að móturfestingar gæfu sig á bifreið sem þrátt fyrir að vera 10 ára gömul var, að sögn seljanda sem er að eigin sögn menntaður bifvélavirki, vel við haldið og fremur lítið ekin miðað við aldur. Er það því mat kærunefndarinnar að ástand bifreiðarinnar hafi að þessu leyti verið verra en kaupandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti sbr. a-lið 1. mgr. 17. gr. laganna.

Í 26. gr. laga nr. 48/2003 segir að reynist söluhlutur gallaður og gallinn hvorki sök kaupanda né stafi af aðstæðum sem hann varða getur neytandi samkvæmt ákvæðum 29. – 33. gr. laganna krafist úrbóta, nýrrar afhendingar, afsláttar, riftunar og skaðabóta ásamt því að halda eftir greiðslu kaupverðs samkvæmt ákvæðum 28. gr. Álitsbeiðandi hefur í máli þessu krafist skaðabóta samkvæmt framlögðum reikningi vegna viðgerðar sem gerð var í kjölfar þess að móturfestingar gáfu sig. Reikningur vegna þeirrar viðgerðar er að fjárhæð kr. 170.986.

Þegar viðgerðin fór fram var bifreiðin vissulega rúmlega 10 ára og því mátti álitsbeiðandi búast við því að til einhverra viðgerða kæmi á bifreiðinni. Verður því

kærunevndin, m.v. það sem að framan er rakið, að meta bætur að álitum og eru þær hæfilega metnar kr. 85.000. Er þá einnig tekið tillit til þess að nýtt kemur í stað notaðs.

Hvað varðar atriði sem varða smurbók bifreiðarinnar, þá telur kærunevndin ekki ástæðu til að fjalla sérstaklega um það atriði, þar sem ekki virðist nein tenging á milli þess að seljandi bifreiðarinnar sinni sjálfur smurolúskiptum o.fl. og þess galla sem aðallega er kvartað undan í málinu.

Umtalsverður dráttur hefur orðið á afgreiðslu máls þessa fyrir nefndinni. Meginástæða dráttarins er sú að á tímabilinu 6. júlí til 19. október 2016 var kærunevndin óstarfhæf sakir þess að skipun nefndarmanna hafði ekki verið endurnýjuð. Þeir einstaklingar sem áður höfðu haft skipun til starfa í nefndinni voru því umboðslausir og höfðu ekki heimild til að sinna nefndarstörfum.

IX

Álitsorð

Seljandi, Y, greiði álitsbeiðanda, X, kr. 85.000

Pétur Örn Sverrisson
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Hrannar Már Gunnarsson